

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Álalind 4-8. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Álalind 4-8. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum um eina á 6. hæð fjölbýlishússins með þeim hætti að áður fyrirhuguð íbúð á hæðinni, samtals 190 m<sup>2</sup>, verður skipt upp í tvær u.þ.b. jafnstórar íbúðir.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Fossvogsbrún 2a. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 8. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsbraut 2a. Í breytingunni felst að þar verði ný lóð, Fossvogsbrún 2a, með byggingarreit fyrir íbúðakjarna fyrir fatlaða með allt að sjö íbúðum ásamt þjónusturými. Stærð lóðarinnar er áætluð 1.200 m<sup>2</sup> og stærð byggingarreits 600 m<sup>2</sup>. Hámark nýtingarhlutfalls á lóðinni verður 0,5 ofanjarðar. Aðkoma er frá Fossvogsbrún og þar sem fyrir eru tíu bílastæði. Ráðgert er að fjölga þeim um fimm.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 22. júní 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.